



Reykjavík, 30. maí 2025

Rósalind Guðmundsdóttir, lögfræðingur
rosalind@xnet.is

Við er til erindis, dags. 26. maí sl., sem sent er f.h. umbjóðanda þins Þorleifs Jóns Hreiðarssonar, þar sem óskað er eftir skýringum á því á grundvelli hvaða lagaheimilda landsliðsnefnd byggir þá ákvörðun sína að ganga framhjá umbjóðanda þínum við val í landslið öldunga í ljósi þess að hann varð Íslandsmeistari öldunga á árinu.

Reglur KLÍ um val í landslið

Samkvæmt 1. gr. laga Keilusambands Íslands (KLÍ) er KLÍ æðsti aðili um öll keilumál innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Samkvæmt 9. gr. laganna fer stjórn KLÍ með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Samkvæmt d. lið 1. mgr. 10. gr. laganna er starfssvið stjórnar að semja leikreglur og reglugerðir fyrir keiluiþróttina. Samkvæmt g. lið sömu greinar ber stjórn að líta eftir því að lög og reglugerðir KLÍ séu haldin.

Með vísan til framangreinds hefur stjórn KLÍ sett reglugerð fyrir Landsliðsnefnd KLÍ. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er það KLÍ sem ræður landsliðspjálfa. Hjá KLÍ starfar nú yfirþjálfari landsliða og honum til aðstoðar við öldungalandslið Íslands í keilu starfa þar að auki tveir aðstoðarþjálfarar. Það er því á ábyrgð landsliðspjálfa hverju sinni að velja í landslið Íslands í keilu og kemur sú ákvörðun hvorki á borð framkvæmda- og íþróttastjóra KLÍ né stjórnar. Með vísan til fyrrgreinds g. liðar 9. gr. laga KLÍ tekur stjórn þó til skoðunar hvort að farið hafi verið að lögum og reglum KLÍ við val í landslið Íslands fyrir heimsmeistaramót öldunga í keilu 2025.

Landsliðspjálfi starfar samkvæmt afreksstefnu KLÍ fyrir árin 2023-2028. Í afreksstefnunni er að finna skilgreiningar á afrekum í keilu og afreksíþróttafólki. Það að vinna Íslandsmeistaratitil án forgjafar, líkt og Íslandsmót öldunga (50+), telur vissulega sem afrek og því telst umbjóðandi þinn afreksíþróttamaður í skilningi stefnunnar. Það eitt og sér að



vinna Íslandsmeistaratitil leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að viðkomandi sé valin í landslið á vegum KLÍ eða öðlist sjálfstæðan keppnisrétt á mótum erlendis fyrir Íslands hönd. Í stefnunni segir einnig að til að koma til greina í landslið KLÍ þurfi viðkomandi að sýna af sér íþróttamannslega framkomu jafnt utan sem innan vallar og þá ræður mat þjálfara og tilfinning fyrir getu einstaklings til að ná árangri einnig máli. Þar að auki er tekið fram í stefnunni að til þess að koma til greina í landsliðshóp sé æskilegt að leikmaður keppi á öllum Íslandsmótunum án forgjafar.

Samkvæmt upplýsingum frá yfirþjáfara landsliðanna horfið hann, auk þeirra sjónarmiða sem fram koma í afreksstefnu, til þess hversu mikið leikmenn væru búnir að spila undanfarið tímabil auk þess að leggja áherslu á að velja blöndu leikmanna sem gætu spilað vel og náð árangri saman. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að keppni á mótum eins og því sem um ræðir er ekki eingöngu einstaklingskeppni heldur liðakeppni og því mikilvægt að horft sé til sjónarmiða um góða liðsheild.

Með vísan til alls framangreinds er það afstaða stjórnar KLÍ að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við val landsliðsþjálfara í öldungalandslið Íslands enda hafi lögum og reglum KLÍ verið fylgt við valið.

Styrkir til Íslandsmeistara öldunga vegna móta erlendis

Í erindinu er vísað til þess að samkvæmt 8. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót öldunga (50+) eigi Íslandsmeistari Öldunga rétt á að sækja um sérstakan styrk til KLÍ vegna ferða á mót erlendis. Eins og rakið hefur verið hér að framan veitir Íslandsmeistaratitillinn ekki sjálfkrafa rétt til þátttöku í landsliðsverkefnum. Styrkurinn er þó ekki einskorðaður við landsliðsverkefni og að mati stjórnar KLÍ á umbjóðandi þinn því rétt á að sækja um styrk hafi hann í hyggju að sækja viðurkennt keilumót erlendis.

Um rétt KLÍ til úthlutunar úr afrekssjóði ÍSÍ

Í bréfinu er einnig látið að því liggja að Keilusamband Íslands hafi þegið styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ án þess að uppfylla skilyrði þar að lútandi. Stjórn KLÍ vill í því samhengi árétta að KLÍ fær reglulega úthlutað úr Afrekssjóði ÍSÍ enda uppfyllir sambandið öll þau skilyrði sem sett eru í reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Að lokum

Stjórn KLÍ hefur skilning á því að val í landslið Íslands í keilu geti verið umdeild líkt og í öllum öðrum íþróttagreinum. Það sé því ekki óeðlilegt að spurningar vakni um landsliðsval og sjálfsagt að skoða hvort að þau mál séu ekki í góðum farvegi. Eins og rakið hefur verið hér að framan telur stjórn ekki ástæðu til að bregðast frekar við erindinu enda hafi val í umrætt landslið farið fram í samræmi við lög og reglur KLÍ.

Þar sem fram kemur í erindinu að umbjóðandi þinn hyggist leita til ÍSÍ vegna málsins er afrit af bréfi þessu sent ÍSÍ til upplýsinga.

Virðingarfyllst f.h. KLÍ

*Valgerður Rún Benediktsdóttir
formaður*

Afrit: Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, isi@isi.is